

BMF-2015-01 Lundasetur Íslands

Fyrirhugað er að koma á fót Lundasetri Íslands á Breiðdalsvík. Stofna þarf fyrirtækið Lundasetur Íslands og taka á leigu rými við hliðina á veitingasal í frystihúsi. Lundasetur Íslands er hugsað á svipaðan hátt og Selasetur Íslands á Hvammstanga. Það er að koma upp skemmtilegu safni fyrir ferðafólk sem kynna lundann á margvíslegan hátt, allt frá lífsháttum og atferli, stofnstærð nytjar og hvernig lundinn hefur lifað með mannum fram til þessa.

Fyrirhugað er að setja upp einskonar líkan af dæmigerðri eyju sem síðan sýnir þverskurð af því hvernig lundinn býr hreiður sín í holum í eyjunum. Einnig er fyrirhugað að setja upp vefmyndavélar út í Breiðdalseyjum ef leyfi fæst til þess og geta síðan sýnt efni úr þeim á safninu. Safnið mun einnig styðja við og verða skemmtileg viðbót við lundaskoðunarferðir sem nú eru starfræktar frá Breiðdalsvík. Sótt er um styrk til þess að aðstoða við hönnunar og skipulagningu á safninu áður en ráðist er í framkvæmdir.

Verkefninu var úthlutað 500.000 kr. árið 2015.